

TILSKIPUN RÁÐSINS 2008/120/EB

2013/EES/4/44

frá 18. desember 2008

um lágmarkskröfur er varða vernd svína (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 91/630/EBE frá 19. nóvember 1991 þar sem mælt er fyrir um lágmarksdýraverndarkröfur fyrir svín ⁽²⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽³⁾. Fyrir skýrleika sakir og til hagráðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Flest aðildarríkin hafa fullgilt Evrópusamninginn um vernd dýra í landbúnaði. Bandalagið hefur einnig samþykkt þennan samning, með ákvörðun ráðsins 78/923/EBE ⁽⁴⁾.
- 3) Í tilskipun ráðsins 98/58/EB frá 20. júlí 1998 um vernd dýra í landbúnaði ⁽⁵⁾ eru sett ákvæði Bandalagsins sem gilda fyrir öll alidýr að því er varðar byggingarkröfur vegna gripahúsa, einangrun, upphitunar- og loftræstingarskilyrði, skoðun búnaðar og eftirlit með búfé. Því er nauðsynlegt að fjalla um þessi mál í þessari tilskipun þegar fastsetja þarf ítarlegri kröfur.
- 4) Þar eð svín eru lifandi dýr eru þau tilgreind í skránni yfir afurðir sem sett er fram í I. viðauka við sáttmálann.
- 5) Svínaeldi er óaðskiljanlegur hluti landbúnaðar. Það er tekjulind fyrir hluta þess fólks sem stundar landbúnað.

- 6) Allur munur, sem kann að raska samkeppnisskilyrðum, hindrar að sameiginlegur markaður með svín og svínaafurðir geti starfað eðlilega.
- 7) Því er nauðsynlegt að fastsetja sameiginlegar lágmarkskröfur, er varða vernd svína sem eru haldin til kynbóta og eldis, í því skyni að tryggja skynsamlega þróun svínaræktar.
- 8) Svín skulu höfð í umhverfi sem uppfyllir þörf þeirra fyrir að hreyfa sig og snúðra. Svo virðist sem velferð svína sé í húfi vegna verulegrar takmörkunar á rými.
- 9) Þegar svín eru höfð í hópum skal gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda þau og stuðla þannig að aukinni velferð þeirra.
- 10) Gyltur vilja hafa félagsskap af öðrum svínum þegar þær hafa frelsi til að hreyfa sig og fjölbreytilegt umhverfi. Því skal banna að hafa gyltur stöðugt innilokaðar í þröngu, lokuðu rými.
- 11) Líklegt er að halaklipping, tannklipping og tannslípun valdi bráðum sársauka og nokkrum viðvarandi sársauka hjá svínum. Vönun getur valdið viðvarandi sársauka sem verður meiri ef vefir rifna. Þessar aðgerðir eru því skaðlegar velferð svínanna, einkum þegar vanhæft og óreynt fólk annast þær. Þar af leiðandi skal mæla fyrir um reglur til að tryggja betri starfsvenjur.
- 12) Gæta skal jafnvægis milli ýmissa þátta sem taka skal tillit til að því er varðar velferð, þ.m.t. heilbrigði, efnahagsleg og félagsleg sjónarmið og jafnframt umhverfisáhrif.
- 13) Nauðsynlegt er að opinberar þjónustustofnanir, framleiðendur, neytendur og aðrir fái upplýsingar um þróun á þessu sviði. Framkvæmdastjórnin skal því, á grundvelli álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu, leggja kapp á vísindarannsóknir til að komast að niðurstöðu um hvers konar svínarækt tryggi best velferð svínanna. Því skal kveða á um aðlögunartíma til að gera framkvæmdastjórninni kleift að ljúka þessu verkefni með góðum árangri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 47, 18.2.2009, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 146 E, 12.6.2008, bls. 78.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 340, 11.12.1991, bls. 33.

⁽³⁾ Sjá A-hluta II. viðauka.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 323, 17.11.1978, bls. 12.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 221, 8.8.1998, bls. 23.

14) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.

15) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til lögleiðingar tilskipananna sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um lágmarkskröfur er varða vernd svína sem eru haldin til kynbóta og eldis innandyra.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „svín“ merkir dýr af svínategund, á hvaða aldri sem er, sem er haldið til undaneldis eða eldis,
2. „göltur“ merkir kynþroska, karlkyns svín sem ætlað er til undaneldis,
3. „unggylta“ merkir kynþroska, kvenkyns svín sem hefur ekki gotið,
4. „gylta“ merkir kvenkyns svín eftir fyrsta got,
5. „gotgylta“ merkir kvenkyns svín á tímanum frá goti og fram að fráfarum,
6. „fanggylta“ merkir gyltu á tímanum frá fráfarum og fram að næsta goti,
7. „spenagrís“ merkir grís frá goti og fram að fráfarum,
8. „fráfærugrís“ merkir grís frá fráfarum og fram að 10 vikna aldri,
9. „alísvín“ merkir svín frá tíu vikna aldri og þar til því er slátrað eða það er notað til undaneldis,
10. „lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald í skilningi 6. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽²⁾.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öll svínabú uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) gólfrymi án hindrana fyrir hvern fráfarugrís eða alísvín í hópi, að frátöldum unggyltum, sem hafa fengið, og gyltum, skal a.m.k. vera:

Líffyngd, kg	m ²
Allt að 10	0,15
Yfir 10 og allt að 20	0,20
Yfir 20 og allt að 30	0,30
Yfir 30 og allt að 50	0,40
Yfir 50 og allt að 85	0,55
Yfir 85 og allt að 110	0,65
Yfir 110	1,00

- b) heildargólfrymi án hindrana fyrir hverja unggyltu, sem hefur fengið, og hverja gyltu skal, þegar unggyltur og/eða gyltur eru hafðar í hópum, a.m.k. vera 1,64 m² fyrir hverja unggyltu og 2,25 m² fyrir hverja gyltu. Þegar þessi dýr eru höfð í hópum með færri en sex dýrum skal stækka gólfrymi án hindrana um 10%. Þegar þessi dýr eru höfð í hópum með 40 eða fleiri dýrum má minnka gólfrymi án hindrana um 10%.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að að yfirborð gólfa uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) þegar um er að ræða unggyltur, sem hafa fengið, og fanggyltur: hluti af svæðinu, sem krafist er í b-lið 1. mgr., sem er a.m.k. 0,95 m² fyrir hverja unggyltu og a.m.k. 1,3 m² fyrir hverja gyltu, skal vera samfelt, gegnheilt gólf þar sem í mesta lagi 15% fara undir frárennslisop,

- b) þegar steipt rimlagólf er notað fyrir svín sem eru höfð í hópum:

i. skal mesta breidd milli rimla vera:

— 11 mm fyrir spenagrísi,

— 14 mm fyrir fráfarugrísi,

— 18 mm fyrir alísvín,

— 20 mm fyrir unggyltur, sem hafa fengið, og gyltur,

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

ii. skal lágmarksrimlabreidd vera:

4. gr.

— 50 mm fyrir spenagrísi og fráfarugrísi og

Aðildarríkin skulu sjá til þess að skilyrði fyrir svínarækt séu í samræmi við almennu ákvæðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

— 80 mm fyrir alisvín, unggyltur, sem hafa fengið, og gyltur.

5. gr.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að bann verði lagt við byggingu og breytingu mannvirkja þar sem gert er ráð fyrir að gyltur og unggyltur séu bundnar. Frá og með 1. janúar 2006 skal vera bannað að binda gyltur og unggyltur.

Heimilt er að breyta almennu ákvæðunum í I. viðauka í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., í því skyni að taka tillit til framfara í vísindum.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gyltur og unggyltur séu hafðar í hópum á tímabili sem hefst fjórum vikum eftir að þær hafa fengið og lýkur þegar áætlað er að ein vika sé eftir í got. Hliðar stúnnar, sem hópurinn er hafður í, skulu vera lengri en 2,8 m. Ef færri en sex dýr eru í hópi skulu hliðar stúnnar, sem hópurinn er hafður í, vera lengri en 2,4 m.

6. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess:

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar má hafa gyltur og unggyltur, sem eru aldar á svínabúum með færri en 10 gyltum, hverja út af fyrir sig á tímabilinu sem um getur í undirgreininni, að því tilskildu að þær geti snúið sér óhindrað á básum sínum.

a) að allir sem ráða eða fá fólk í vinnu við að hirða um svín tryggji að fólknið hafi fengið fyrirmæli og leiðbeiningar varðandi viðeigandi ákvæði 3. gr. og I. viðauka,

b) að viðeigandi námskeið séu í boði. Einkum skulu slík námskeið leggja áherslu á þá þætti er varða velferð dýranna.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess, með fyrirvara um kröfurnar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, að gyltur og unggyltur hafi stöðugt aðgang að efni til að róta í sem uppfyllir a.m.k. viðeigandi kröfur í viðaukanum.

7. gr.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gyltur og unggyltur, sem hafðar eru í hópum, séu fóðraðar samkvæmt kerfi sem tryggir að hvert dýr í hópnum fái nægilegt fóður jafnvel þótt samkeppni sé um fóðrið.

1. Framkvæmdastjórnin skal, helst eigi síðar en 1. janúar 2005 og í öllum tilvikum fyrir 1. júlí 2005, leggja skýrslu fyrir ráðið sem samin er á grundvelli álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Skýrslan skal samin með hliðsjón af félags-hagfræðilegum afleiðingum, afleiðingum er varða heilbrigðismál, umhverfisáhrifum og mismunandi veðurfarsskilyrðum. Hún skal einnig taka mið af þróun tækni og aðferða fyrir svínarækt og kjötvinnslu sem kunna að draga úr þörfinni á að grípa til skurðaðgerðar við vörun. Ef nauðsyn krefur skulu skýrslunni fylgja viðeigandi lagatillögur um áhrifin af mismunandi þörf fyrir rými og mismunandi gerðum gólfa með tilliti til velferðar fráfarugrísa og alisvína.

7. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allar fanggyltur og unggyltur fái nóg af grófgerðu eða trefjaríku fóðri sem og orkuríku fóðri til að geta satt hungur sitt og fullnægt þörf sinni fyrir að tyggja.

2. Eigi síðar en 1. janúar 2008 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir ráðið sem samin er á grundvelli álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

8. Aðildarríkin skulu sjá til þess að svín sem hafa þarf í hópum, sem eru sérstaklega árásgjörn, sem önnur svín hafa ráðist á eða sem eru veik eða slösuð geti verið í sérstíum um tíma. Þegar svo háttar til skal sérstíán vera nógu stór til að dýrið geti snúið sér auðveldlega enda sé það ekki í andstöðu við sérstakar ráðleggingar dýralæknis,

Í skýrslunni skal einkum fjalla um:

9. Ákvæðin, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr., 2., 4., og 5. mgr. og síðasta málslið 8. mgr., skulu gilda um öll svínabú sem eru nýbyggð eða endurbyggð eða tekin í notkun í fyrsta sinn eftir 1. janúar 2003. Frá og með 1. janúar 2013 gilda þessi ákvæði um öll svínabú.

a) áhrifin af þéttleika dýra, þ.m.t. stærð hóps og aðferðir við að setja dýr í hópa, á velferð svína, þ.m.t. heilbrigði þeirra, í mismunandi búrekstrarkerfum,

Ákvæðin, sem mælt er fyrir um í fyrsta undirlið 4. mgr., skulu ekki gilda um svínabú með færri en tíu gyltum.

b) áhrifin af hönnun svínahúsa og mismunandi gerðum gólfefna á velferð svína, þ.m.t. heilbrigði þeirra, að teknu tilliti til mismunandi veðurfarsskilyrða,

c) áhættuþætti, sem tengjast halabítum, og ráð til að draga úr þörfinni á halaklippingu,

9. gr.

d) frekari þróun á hópahýsingu fanggyltna með hliðsjón af meinafræðilegum, dýraræktarlegum, lífeðlisfræðilegum og atferlisfræðilegum þáttum mismunandi hýsingarkosta og heilbrigðis- og umhverfisáhrifum þeirra sem og mismunandi veðurfarsskilyrðum,

Dýrum, sem flytja á inn í Bandalagið frá þriðja landi, skal fylgja vottorð, sem lögbært yfirvald þess lands gefur út, þar sem vottað er að þau hafi fengið meðhöndlun sem er a.m.k. jafngild þeirri sem dýr með uppruna í Bandalaginu hafa fengið, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun.

10. gr.

e) mat á rýmisþörf, þ.m.t. fengisvæði fyrir fullorðna gelti til undaneldis sem eru hafðir sér,

Heilbrigðissérfræðingar frá framkvæmdastjórninni á sviði dýra og dýraafurða mega, beri til þess nauðsyn til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar, framkvæma vettvangseftirlit í samstarfi við lögbæru yfirvöldin. Þeir sem annast þetta eftirlit skulu gera þær sérstöku hreinlætisráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útiloka áhættuna á því að breiða út sjúkdóm.

f) frekari þróun á kerfi lausagönguhúsa fyrir gyltur á fengisvæði og gotgyltur sem uppfylla þarfir gyltunnar án þess að stofna lífi spenagrísa í hættu,

Aðildarríki skal veita sérfræðingunum alla aðstoð sem þeim er nauðsynleg til að inna af hendi skyldur sínar við eftirlit sem fram fer á yfirráðasvæði þess. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki um niðurstöður úr eftirlitinu.

g) viðhorf og hegðun neytenda gagnvart svínakjöti aukist velferð dýranna mismikið,

Lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki skal grípa til allra ráðstafana, sem kunna að vera nauðsynlegar, til að taka tillit til niðurstaðna úr eftirlitinu.

h) félagshagfræðileg áhrif mismunandi aðferða til svínaræktar og áhrif þeirra á aðila að viðskiptasamningum við Bandalagið.

Viðeigandi lagatillögur mega fylgja skýrslunni ef nauðsyn krefur.

Ákvæði III. kafla tilskipunar ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðis-efirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum⁽¹⁾ skulu gilda að því er varðar samskipti við þriðju lönd.

8. gr.

Almennar reglur um beitingu þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að skoðanir séu framkvæmdar á ábyrgð lögbæra yfirvaldsins til að ganga úr skugga um að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

11. gr.

Þessar skoðanir, sem heimilt er að framkvæma um leið og eftirlit fer fram í öðrum tilgangi, skulu á hverju ári ná til úrtaks sem er tölfræðilega dæmigert fyrir þær svínaræktar- aðferðir sem eru notaðar í hverju aðildarríki.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, sem komið var á fót skv. 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽²⁾, hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr., setja reglur sem beita skal við framkvæmd þeirra skoðana sem kveðið er á um í 1. mgr þessarar greinar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

3. Aðildarríkin skulu á tveggja ára fresti, eigi síðar en síðasta virka dag aprílmánaðar og í fyrsta sinn eigi síðar en 30. apríl 1996, tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður þeirra skoðana sem framkvæmdar voru á næstliðnum tveimur árum í samræmi við þessa grein, þ.m.t. fjölda framkvæmdra skoðana í hlutfalli við fjölda svínabúa á yfirráðasvæði þeirra.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

12. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við almennar reglur sáttmálans, að viðhalda eða beita á yfirráðasvæði sínu strangari ákvæðum um vernd svína en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar slíkar ráðstafanir.

13. gr.

Tilskipun 91/630/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem tilgreindar eru í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar tilskipana, sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka, í aðildarríkjunum.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

14. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 2008.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BARNIER

forseti.

I. VIÐAUKI

I. KAFLI

ALMENN SKILYRÐI

Auk viðeigandi ákvæða í viðaukanum við tilskipun 98/58/EB gilda eftirfarandi kröfur:

1. Í þeim hluta byggingar, þar sem svín eru höfð, skal reyna að komast hjá því að viðvarandi hávaði nái 85 dBA. Reyna skal að komast hjá stöðugum eða skyndilegum hávaða.
2. Lýsing, þar sem svín eru höfð, skal vera minnst 40 lúx í a.m.k. átta klukkustundir á dag.
3. Nærumhverfi svína skal hannað þannig að svínin:
 - geti haft aðgang að þægilegu og nægilega heitu og hreinu legusvæði, sem er með fullnægjandi frárennsli og nógu stórt til að öll dýrin geti legið á sama tíma,
 - geti hvílt sig og staðið upp eðlilega,
 - geti séð önnur svín. Í vikunni fyrir áætlaðan gottíma og á meðan goti stendur er þó heimilt að halda gyltum og unggyltum úr augnsýn dýra af sömu tegund.
4. Þrátt fyrir 5. mgr. 3. gr. verða svínin að hafa stöðugan aðgang að nægilega miklu efni sem þau geta snuðrað og rótað í, s.s. hálmi, heyi, viði, sagi, sveppamoltu eða mó eða blöndu af þessu, sem getur ekki stofnað heilbrigði dýranna í hættu.
5. Gólf skulu vera slétt en ekki hál, til að koma í veg fyrir meiðsl á svínunum, og hönnuð, smíðuð og viðhaldið þannig að svínin hljóti hvorki áverka né líði þjáningar. Þau skulu henta stærð og þyngd svínanna og, ef enginn undirburður er á þeim, mynda stíft, slétt og traust yfirborð.
6. Öll svín skulu fóðruð a.m.k. einu sinni á dag. Ef svín eru fóðruð í hópum og þeim ekki gefið fóður eftir átlýst eða fóðruð með sjálfvirku fóðrunarkerfi skulu öll svínin í hópnum hafa aðgang að fóðrinu á sama tíma.
7. Öll svín, sem eru eldri en tveggja vikna, skulu hafa aðgang að nægilega miklu fersku vatni.
8. Allar aðgerðir, aðrar en þær sem fram fara í lækningar- eða greiningarskyni eða til að auðkenna svín í samræmi við viðeigandi lög, sem verða til þess að skaða viðkvæman líkamshluta eða að hann tapast, eða valda breytingu á beinabyggingu, eru bannaðar nema þær sem fela í sér:
 - að stytta á jafnan hátt jaðar- og augtennur spenagrísa með því að slípa þær eða klippa áður en þeir verða átta daga svo að eftir verður óskaddað, slétt yfirborð. Heimilt er að stytta augtennur galta ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir að önnur dýr særast eða af öryggisástæðum,
 - að klippa hluta halans af,
 - að vana karlkyns svín á annan hátt en með því að rífa vefi,
 - að setja hring í trýni, en eingöngu þar sem dýr eru alin úti við og í samræmi við innlend lög.

Hvorki má halaklippa né stytta jaðar- og augtennur reglubundið heldur einungis ef sannað þykir að áverkar hafi orðið á spenum gyltna eða á eyrum eða hölum annarra svína. Áður en þessar aðgerðir fara fram skal gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir halabít og annan óvana, að teknu tilliti til umhverfisins og þéttleika dýranna. Af þessum sökum verður að breyta ófullnægjandi umhverfisskilyrðum eða búrekstraráðferðum.

Dýralæknum einum eða einstaklingum með þjálfun, eins og kveðið er á um í 6. gr., og reynslu í að beita rétttri tækni með viðeigandi búnaði við skilyrði þar sem hreinlætis er gætt, er heimilt að framkvæma aðgerðirnar sem lýst er hér að framan. Ef það tíðkast að vana eða halaklippa eftir að sjö dagar eru liðnir frá goti er það einungis heimilt ef dýralæknir annast aðgerðina og hann notar deyfilyf auk langverkandi, kvalastillandi lyfja eftir aðgerð.

II. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI UM ÝMISS KONAR SVÍN

A. Geltir

Stútur fyrir galti skulu hannaðar og komið þannig fyrir að gölturinn geti snúið sér og heyrir í öðrum svínum, fundið lyktina af þeim og séð þau. Gólfrymi án hindrana fyrir hvern fullorðinn gölt skal vera a.m.k. 6 m².

Ef stútur eru einnig notaðar fyrir náttúrulega þörun skal gólfrymi fyrir hvern fullorðinn gölt vera a.m.k. 10 m² og stífan vera án allra hindrana.

B. Gyltur og unggyltur

1. Gera skal ráðstafanir til að halda árásarhneigð í hópum í lágmarki.
2. Fanggyltur og unggyltur með fangi skulu fá meðhöndlun vegna inn- og útsníkla ef nauðsyn ber til. Þrífa verður vandlega fanggyltur og unggyltur með fangi sem eru settar í gotbása.
3. Í vikunni fyrir áætlað got skulu gyltur og unggyltur fá nóg af heppilegu efni í gotbæli nema það sé ekki hægt af tæknilegum ástæðum vegna þess fyrirkomulags sem er notað á svínabúinu fyrir fljóttandi húsdýraáburð.
4. Svæði án hindrana verður að vera aftan við gyltuna eða unggyltuna til þess að auðvelda got, hvort sem það er eðlilegt eða hjálpa þarf gyltunni.
5. Í gotstímum, þar sem gyltunum er leyft að vera lausum, verður að vera úrræði til að vernda spenagrísina, t.d. röragrindur á hliðar stíunnar (e. farrowing rails).

C. Spenagrísir

1. Hluti heildargólfsvæðis, sem er nægilega stór til að öll dýrin geti hvílst á sama tíma, skal vera fastur flötur eða þakinn mottu, hálmi eða öðru hentugu efni.
2. Ef notaðir eru gotbásar verða spenagrísirnir að hafa nægilegt rými til að geta auðveldlega verið á spena.
3. Spenagrísir skulu ekki færðir frá gyltunni fyrr en þeir eru 28 daga gamlir nema velferð og heilbrigði gyltu eða spenagríss sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

Þó er heimilt að færa spenagrísi frá gyltunni allt að sjö dögum fyrr ef þeir eru fluttir í sérhæfðar deildir sem eru tæmdar og hreinsaðar og sóthreinsaðar vandlega, áður en nýir hópar eru settir inn í þær, og eru aðskildar frá deildum þar sem gyltur eru hafðar svo að sem minnst hætta sé á að sjúkdómar berist í spenagrísina.

D. Fráfærugrísir og alisvín

1. Ef svínin eru höfð í hópum verður að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slagsmál sem ganga lengra en getur talist eðlilegt atferli.
2. Þau skal hafa í hópum með sem minnstri blöndun milli hópa. Ef blanda á saman svínum sem koma hvert úr sinni áttinni er heppilegast að gera það meðan þau eru sem yngst og helst ekki síðar en einni viku eftir fráfærur. Þegar svín eru sett saman í hóp skulu þau geta farið afsíðis og falið sig fyrir öðrum svínum.
3. Ef merki um mikil slagsmál koma í ljós skal þegar í stað finna út hvað veldur þeim og gera viðeigandi ráðstafanir, s.s. að láta dýrin fá nóg af hálmi, ef hægt er, eða annað efni til að snuðra í. Dýrum í hættu eða sérstaklega árásarhneigðum dýrum skal haldið aðskildum frá hópnum.
4. Róandi lyf til að auðvelda blöndun skulu aðeins notuð í undantekningartilvikum og eingöngu að höfðu samráði við dýralækni.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum

(sem um getur í 13. gr.)

Tilskipun ráðsins 91/630/EBE
(Stjtið. EB L 340, 11.12.1991, bls. 33)

Tilskipun ráðsins 2001/88/EB
(Stjtið. EB L 316, 1.12.2001, bls. 1)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/93/EB
(Stjtið. EB L 316, 1.12.2001, bls. 36)

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003 aðeins III. viðauki, 26. liður
(Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 13. gr.)

Tilskipanir	Frestur til lögleiðingar
91/630/EBE	1. janúar 1994
2001/88/EB	1. janúar 2003
2001/93/EB	1. janúar 2003

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 91/630/EBE	Þessi tilskipun
1. og 2. gr.	1. og 2. gr.
Inngangsorð 3. gr.	—
1. liður 3. gr.	1. mgr. 3. gr
2. liður 3. gr.	2. mgr. 3. gr
3. liður 3. gr.	3. mgr. 3. gr
a-liður 4. liðar 3. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 3. gr.
b-liður 4. liðar 3. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 3. gr.
5. liður 3. gr.	5. mgr. 3. gr
6. liður 3. gr.	6. mgr. 3. gr
7. liður 3. gr.	7. mgr. 3. gr
8. liður 3. gr.	8. mgr. 3. gr
9. liður 3. gr.	9. mgr. 3. gr
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 4. gr.	4. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 4. gr.	—
2. mgr. 4. gr	—
5. gr.	5. gr.
Inngangsorð 5. gr. a	Inngangsorð 6. gr.
1. liður 5. gr. a	a-liður 6. gr.
2. liður 5. gr. a	b-liður 6. gr.
6. gr.	7. gr.
7. gr.	8. gr.
8. gr.	9. gr.
9. gr.	10. gr.
10. gr.	11. gr.
1. mgr. 11. gr	—
2. mgr. 11. gr	12. gr.
—	13. gr.
—	14. gr.
12. gr.	15. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki